



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 30. ágúst 2021



## **Fimmti fundur 64 stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 30. ágúst 2021 kl. 11.50.**

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir og Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Davíð B. Gíslason, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Jón Viðar Stefánsson.

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - a. Yngri landslið sumarið 2021  
RG fór yfir verkefni sumarsins hjá yngri landsliðum. U19 kvenna endaði í 5. Sæti í B keppninni í Makedóníu, u-17 kvenna endaði í 2. Sæti í B keppninni í Litáen eftir grátlegt tap í úrslitaleik og u19 karla varð í 8. Sæti á EM í Króatíu. U17 ára landslið kvenna fer í undankeppni í nóvember um laust sæti í 1. deild hjá u17 og u19 kvenna.
  - b. Hvað er framundan  
RG kynnti hvaða verkefni er framundan næstu vikur varðandi byrjunina á keppnistímabilinu. Meistarakeppni karla er annað kvöld og kvenna nk. sunnudag. Kynningarfundur deildarinnar verður miðvikudaginn 15. September.
3. Nefnd um kvennahandboltann  
Hún hefur tekið til starfa og formaður nefndarinnar er Anna Steinsen. Aðrir í nefndinni eru Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Óskar Bjarni Óskarsson. Finna þarf 2 meðlimi í viðbót í nefndina. Vinna er í fullum gangi og stefnt er að nefndin skili af sér fyrir áramót.
4. Kynferðislegt ofbeldi í íþróttum  
Stjórn ræddi þá stöðu sem er uppi varðandi kynferðislegt ofbeldi í íþróttum.
5. Önnur mál
  - a. Lagt verður fyrir formannafund um að hafa 16 manns á skýrslu. Hugmynd hvort að það eigi að skilyrða 15 og 16 leikmanninn.
  - b. RG fór yfir stöðu hvernig vinna sambandsins er varðandi markmannsþjálfun
  - c. Ákveðið var að heimila ekki viðtöl við dómara eftir leiki.
  - d. Send verður inn umsókn um tilnefningu á Reyni Stefánssyni í dómaranefnd EHF.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður boðaður síðar.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari